

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík 04.05.18

Umsögn Landverndar um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024. Mál 480.

Landvernd fagnar því að stjórnvöld setji sér metnaðarfulla stefnu um heilbrigða dreifingu byggðar um landið og sem jöfnust lífskjör og tækifæri landsmanna, hvar sem þeir búa.

Landvernd telur þó að sumt í stefnumörkuninni sé þess eðlis að ómögulegt sé að ná því fram og því færi betur á því að tóna stefnuna svolítið niður. Sem dæmi má nefna eftirfarandi setningu úr framtíðarsýn (undirstrikanir Landverndar): “Landið allt verði í blómlegri byggð þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna með jöfnu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum óháð efnahag og búsetu.”

Að mati Landverndar er þetta talsýn sem aldrei getur orðið einfaldlega vegna þess að landið er stórt en þjóðin lítil. Raunhæfara væri því að segja eitthvað sem svo: “Í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna með góðu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum.”

Að öðru leyti gerir Landvernd ekki athugasemd við ofangreinda þingsáætlunartillögu.

f.h. stjórnar Landverndar
Virðingafyllst,

Auður Magnúsdóttir
framkvæmdastjóri